



Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

apríl 2023

Kæru viðtakendur!

Í þessu Fréttabréfi er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í febrúar sl. Einnig er hér kynning á tveimur frumkvöðlum og pistill eftir Benediktu Guðrúnu Svavarsdóttur. Góðar stundir!

Fundur akademíanna í Húnavatnssýslum

Helgina 18. – 19. mars sl. hittust þrettán félagar AkureyrarAkademíunnar og ReykjavíkurAkademíunnar á Hótel Laugarbakka í Miðfirði til þess að kynna, gleðjast og ræða aukna samvinnu. Laugardagurinn var notaður til að heimsækja áhugaverða staði, Textílmíðstöð Íslands á Blönduósi, Þingeyrakirkju, Kolugljúfur í Víðidal, Víðidalstungukirkju og Selasetrið á Hvammstanga. Á sunnudeginum var haldin vinnustofa um aukið samstarf félaga og akademíanna. Þar sköpuðust góðar umræður og fjöldi góðra tillagna kom fram og samhljómur um að gera þessa helgi að fyrsta árlega fundi akademíanna. Við hjá AkAk þökkum félögum okkar í ReykjavíkurAkademíunni kærlega fyrir gefandi og ánægjulega samveru.

Ný vefsíða

Í byrjun apríl tók AkureyrarAkademían í notkun [nýja vefsíðu](#) sem hugbúnaðarfyrirtækið Stefna sá um að hanna. Í tilefni af því buðum við upp á skemmtilegan leik sem fólst í að leysa lauflettá krossgátu með því að skoða upplýsingar á síðunni, finna lausnarorðið og senda það inn. Einn heppinn einstaklingur yrði Akademón vefsíðunnar og fengi verðlaun að auki. Eftir páskana var dregið úr réttum innsendum lausnarorðum og er Rúnar Sveinsson vinningshafinn. Rúnar er búsettur á Akureyri og er skrifstofumaður hjá útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækinu Ramma hf. Rúnar leit við hjá okkur til að taka við nafnbótinni Akademón vefsíðunnar og gjafakorti að upphæð kr. 10.000. Við óskum Rúnari innilega til hamingju með verðlaunin!

Ársfundur 2023

Ársfundur AkureyrarAkademíunnar 2023 fer fram þriðjudaginn 16. maí nk. og hefst kl. 19:30. Fundurinn er í húsnæði AkAk, Sunnuhlíð 12, Akureyri. Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt 12. gr. [skipulagsskrár](#) AkAk: Skýrsla stjórnar, endurskoðun reikninga, upptalning fulltrúa, kjör formanns og fulltrúaráðs, fjárhagsáætlun og árgjald, breytingar á skipulagsskrá og önnur mál. Samkvæmt 5. gr. skipulagsskrár er atkvæðisréttur á ársfundi bundinn við þá sem greiða árgjald, kr. 1.500, fyrir fundinn en fundurinn er engu að síður öllum opin. Eftir ársfundinn verður boðið upp á léttar veitingar.

Fyrirlestraröð fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa

Fyrsti fyrirlesturinn í fyrirlestraröð AkAk á þessu ári fyrir íbúa hjúkrunarheimilanna og aðra bæjarbúa fer fram föstudaginn 28. apríl, kl. 13:30, í salnum á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, að Vestursíðu 9, Akureyri. Bryndís Fjóra Pétursdóttir, garðyrkjufræðingur og sjáandi, mun þá segja frá nýsköpunarverkefninu *Huldustígur í Lystigarðinum á Akureyri*, fjalla um huldufólkið og álfana sem búa í garðinum og á Íslandi almennt og ræða mikilvægi samtalsins við náttúruna í fortíð og á okkar tímum. Fyrirlesturinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis. Frá árinu 2016 hefur AkureyrarAkademían boðið íbúum heimilanna upp á fyrirlestra sem hafa jafnframt verið opnir fyrir aðra bæjarbúa. Markmiðið er að bjóða upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni með aðgengilegum og áhugaverðum hætti. Menningar- og viðurkenningasjóður KEA styrkir fyrirlestraröðina á þessu ári.

Kastljósið

Hér er kastljósinu beint að tveimur einstaklingum sem hafa aðsetur í húsnæði AkAk og núna eru það þær Bryndís Fjóra Pétursdóttir og Silja Jóhannesar Ástudóttir. Þær vinna hér að nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefnum en AkAk býður einstaklingum upp á endurgjaldslausu aðstöðu til að vinna að verkefnum á þessu sviði í samstarfi við Akureyrarbæ.

Bryndís Fjóra Pétursdóttir

Ég er menntuð sem garðyrkjufræðingur og hef unnið í faginu frá unga aldri. Ég er frá Gróðrarstöðinni Mörk í Reykjavík, ólst þar upp, og tók þátt í rekstrinum þar til að ég flutti norður með fjölskyldunni minni árið 1999. Ég er einnig starfandi Bowentæknir og heilari.

Ég hef verið leiðandi í rannsóknum sem bera nafnið *Frjósemi búfjár - falinn áhrifavaldur*, síðan árið 2010, en markmið þeirra er að rannsaka áhrif jarðfræðilegra streitusvæða á frjósemi fjár, fjölda fæddra lamba og afdrif lamba á sauðburði. Verkefnastjóri var Rannveig Björnsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri. Sjá aðra samstarfsaðila hér <http://www.bryndis.is/skyacuterslur.html> og skýrslur rannsókna.

Ég sit í stjórn SUNN, sem eru samtök um náttúruvernd á Norðurlandi, en ég hef mikla trú á því að samtal við náttúruna þurfi að eiga sér stað og að náttúran þurfi að eiga sér málsvara. Ég hef séð álfa og huldufólk frá unga aldri og sinnt fræðslu sem snýr að þeirri hlið náttúruvitundar, í formi dagsferða með leiðsögn, námskeiða fyrir fólk á öllum aldri, bæði hér heima og erlendis.

Þessi misserin vinn ég að nýsköpunarverkefninu *Huldustígur í Lystigarðinum á Akureyri* og er með vinnuáðstöðu hjá AkureyrarAkademíunni til að undirbúa það og kynna. Huldustígur hefur hlotið einn styrk, frá Norðurorku, en annars er verkefnið byggt á eigin framlagi.

Huldustígur er samstarfsverkefni. Forstöðukona Lystigarðsins á Akureyri, Guðrún Kristín Björgvinsdóttir, hefur stutt verkefnið frá okkar fyrsta samtali, og er ég henni mjög þakklát fyrir það. Raket Hinriksdóttir, teiknari og grafískur hönnuður, tók að sér að teikna upp nýtt kort af Lystigarðinum og hún hefur svo teiknað, eftir mínum lýsingum, myndir af huldufólkinu og álfunum sem þar búa. Þessar teikningar eru mjög

nákvæmar og gefa fólki sem ekki er skyggt tækifæri til þess að ímynda sér útlit þeirra og byrja samtalið við þau á eigin forsendum.

Þema *Huldustígs* er sjálfbærni. Huldustígskortið verður gefið út og prentað á lífrænt vottað lín í stærðinni 40 x 55 cm, framleiðandi er Scintilla í Reykjavík. Samhliða útgáfu kortsins hef ég markaðssett gönguferðir með leiðsögn um Lystigarðinn þar sem ég fræði gesti um álfana og huldufólkið sem þar búa og annars staðar um land. Ég fjalla um hlutverk þeirra og samskipti þeirra við okkur í fortíð og nútíð og hvernig við getum byrjað samtalið við þau eins og frumbyggjarnir gerðu, við höfum sömu möguleika og þeir - engin flókin tækni þar.

Ég hef unnið að því að sækja um styrki til þess að vinna áfram með verkefnið í formi fræðsluefnis fyrir öll skólastig, barnabókaútgáfu og námskeiða, og núna er verið að vinna kvikmyndahandrit sem byggir á leikmyndinni sem *Huldustígur* býður upp á.

Silja Jóhannesar Ástudóttir

Í gegnum tíðina hef ég komið að ýmsu og á erfitt með að ákveða við hvað ég vil vinna enda ótrúlega margt áhugavert í boði.

Það sést vel á vali grunnnáms í háskóla sem byggðist einvörðungu á því að uppáhaldskennarinn minn í framhaldsskóla kenndi mér það og var það stjórn málafræði. Ákvörðunin um að fara í háskóla litaðist af þrá minni að geta valið í lífinu og ég gerði mér grein fyrir að menntun var einn lykkillinn að því.

Ég hef búið á sex stöðum á landinu, farið í þrjá háskóla og unnið á yfir 15 vinnustöðum. Í dag vinn ég sjálfstætt að því að búa til viðskiptamódel fyrir hátæknigróðurhús sem mun nýta þá auðlindastrauma sem þarf frá jarðvarmavirkjun og gervigreind við stýringu skilyrða. Þá er ég einnig að aðstoða við uppbyggingu matvælavinnslu með fullnýtingu og hringrás að leiðarljósi. Auk þessa er ég í allskonar verkefnum, markaðssetningu, íslenskukennslu fyrir útlendinga og athafnastjóri hjá Siðmennt, svo eitthvað sé nefnt.

Eins og sést hef ég komið víða við en hef mestmegnis unnið í opinberu umhverfi, grunnskólum, Hagstofu Íslands og landshlutasamtökum. Ég vann einnig hjá Capacent í nokkur ár sem ráðgjafi í ráðningum. Ég tók eina önn í lögfræði og seinna meir í viðskiptafræði og endaði menntaferilinn í bili með MBA námi í HR árið 2016.

Ég brenn fyrir fáu en hef áhuga á mjög mörgu og helst því að sjá framtíðina færast í þá átt að við berum virðingu fyrir hvort öðru og jörðinni og unnið verði markvisst að því með nýsköpun, hugviti, rannsóknum og eflingu hvers einstaklings. Ég hef unnið talsvert með börnum og unglíngum, svo sem í kennslu, sem sumarbúðastjóri, við stýringu félagsmiðstöðvar, í verkefnum tengdum menntamálum hjá SSNE, sett upp ungmenna- og málþing fyrir ungt fólk og nú síðast er ég komin í fermingarfræðslu fyrir Siðmennt.

Í vinnu í byggða- og atvinnuþróun hef ég komið víðsvegar við. Ég var verkefnastjóri Íslands í evrópuverkefni sem hafði það að augnamiði að leiða saman frumkvöðla og mentora með veflægum vettvangi. Ég tók að mér umhverfismál, var verkefnastjóri svæðis í áfangastaðaáætlun, byggði upp fréttabréf SSNE, verkefnastýrði og tók þátt í stefnumótun fyrir tvö verkefni í *Brothættum byggðum*, byggði upp með fleirum nýsköpunarvettvanginn Norðanátt, sótti styrki í verkefni hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og SSNE,

ásamt ýmsu öðru. Ég hef einnig setið í sveitarstjórn og var þar formaður Skipulags- og framkvæmdaráðs og leiddi vinnu við drög að umhverfisstefnu.

Maðurinn og náttúran. Benedikta Guðrún Svavarsdóttir, framkvæmdastýra og hjúkrunarfræðingur og félagi í AkureyrarAkademíunni skrifar.

Ég hef alið manninn og stofnað til fjölskyldu síðastliðin ár á Seyðisfirði, en þangað fluttum við eftir að hafa verið þar eitt stórskemmtilegt sumar. Það er eitthvað töfrandi við Seyðisfjörð sem laðar að - oft eins og þar sé að verki einhver x-factor, sem er blanda skynjunar og svo auðvitað þeirrar uppbyggingar og krafts sem ríkir þar í samfélaginu. Hvað skynjunina varðar þá hefur bæjarfjallið Bjólfurinn ef til vill sitt að segja. Mig langar að vitna til dulsýnar Ingibjargar á Ísafirði úr bókinni *Íslensk fjöll séð með augum andans*. Þar segir meðal annars um Bjólfinn:

Yfir fjallinu Bjólfi við Seyðisfjörð hvílir austræn fegurð, sem líkja má við hliðstæð fjöll í Nepal og Tíbet. Yfir fjallinu er mikil dulúð og helgi. Bjólfurinn er tákn andans tignar. Hver sem beinir augum sínum til hans fyllist lotningu og þrá eftir því sem æðra er. Það kemur til af því að andi fjallsins er yfirskyggður af sól almættisins. Úr kröftum fjallsins er ofinn sá guðvefur sem breiðist yfir Austfirði og landið allt. Hann er það dýrmæti í andlegum skilningi, sem byggir upp og göfgar íslenska þjóðarsál.

Falleg eru þessi orð og ég trúi því að náttúran öll og orka hennar hafi gríðarleg áhrif á manneskjuna eins og auðvitað lífríkið allt. Allt tengist. Einmitt þess vegna ber okkur skylda til að umgangast hana af auðmýkt, virðingu og vernda fyrir öflum sem eru drifin áfram af fjárhagslegum ávinningi.

En vetrartíminn getur reynt á þar sem fjöllin há koma í veg fyrir að sólin nái að skína á byggðina þá mánuði þegar sólargangur er hvað stytur og Fjarðarheiðin getur verið mikill farartálmi og einangrandi. Fyrir skömmu snjóaði þar meira en í áraraðir og mikil snjóflóðahætta í byggðinni undir Bjólfinum og um leið var Fjarðarheiðin lokuð um tíma vegna ófærðar. Hugurinn var þá sannarlega heima á Seyðisfirði.

Við fjölskyldan erum þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að byggja upp líf okkar á Seyðisfirði og taka þátt í samfélaginu. Starf mitt krefst þess að ég dvelji á Seyðisfirði yfir sumarið en ég get sinnt starfi mínu hvar sem er yfir veturinn. Því ákváðum við fjölskyldan að breyta til og hrista aðeins upp í vetrarlífinu og leyfa eldri stráknum okkar að hefja skólagönguna á Akureyri. Ég var í námi við Háskólann á Akureyri á árunum frá 2004 til 2008 og á góðar minningar frá þeim tíma. Ég geng því inn í breiðan faðm vina og kunningja hérna í bænum. Fyrir mér er Akureyri alveg dásamlegur staður þar sem náttúran er allt um kring, umferðin og mengunin gerir mann ekki brjáláðan og um leið mikil gróska í menningu og listum, mikið framboð af afþreyingu og auðvitað Hlíðarfjallið. Við Eyjafjörð er líka annað merkilegt fjall, Kaldbakur, sem Erla Stefánsdóttir sagði að væri ein af sjö orkustöðvum landsins.

Þegar við komum í haust vildi ég finna mér stað þar sem ég gæti haft vinnuástöðu og verið líka í góðum félagskap. Ég ákvað því að hafa samband við AkureyrarAkademíuna og ekki stóð á svörum þaðan um að fá vinnuþláss, sem er á mjög hagstæðum kjörum, og að taka þátt í þverfaglegu samfélagi fólks með

fjölbreyttan bakgrunn. Við hittumst á kaffistofunni til að spjalla og snæðum mánaðarlega saman í hádeginu þar sem fólk segir frá verkefnum sínum, og gerum okkur líka annað slagið glaðan dag, alveg eins og á öðrum vinnustöðum. Við leggjum áherslu á að miðla þekkingu og skapandi hugmyndum til samfélagsins og að stuðla að umræðum með því að bjóða upp á fjölbreytta viðburði sem hafa það markmið að tengja saman mismunandi hópa og að virkja almenning til þátttöku. AkureyrarAkademían hefur lengi átt farsælt samstarf við Háskólann á Akureyri og ReykjavíkurAkademíuna og í samvinnu við Akureyrarbæ er einstaklingum boðið upp á endurgjaldslausu aðstöðu til að vinna að þróun nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefna. Það er ómetanlegt að tengjast öðru fólki í samfélaginu í Akademíunni, ræða málefni líðandi stundar og læra hvert af öðru.

Það væri óskandi að sveitarfélög hefðu meira frumkvæði að því að koma á fót fræða- og þekkingarsamfélögum á borð við AkureyrarAkademíuna en samhliða þarf líka að huga að uppbyggingu innviða, eins og samgöngum og húsnæði. Í þessu liggja mikil tækifæri fyrir landsbyggðina til að styrkja búsetu og samfélög nú þegar hægt er nánast svo að segja að vinna hvaðan sem er.

Við á Seyðisfirði höfum lengi barist fyrir verndun fjarðarins gegn sjókvíaeldi og hafa 75% íbúa lýst sig andvíga áformum um það en sveitarfélagið Múlaþing virðist ekki ætla að virða skoðanir íbúanna. Ríkið og innviðaráðherra færði Seyðisfjörð nær þessum áformum með því að samþykkja skipulag um haf og strandsvæði þar sem komið var til móts við hagsmuni fiskeldisfyrirtækisins en hundsáð að líta til samráðs við íbúa eins og lofað var við gerð skipulagsins.

Maðurinn hefur nú gengið á 70% vistkerfis síns, það verður ekki aftur snúið og við verðum að bregðast við og að bjarga því sem bjargað verður. Jörðin þarfnast heilunar og maðurinn líka. Við virðumst vera orðin alveg tengslalaus við náttúruna.

En allt tengist - og nú er kominn tími til að tengjast.

Ég vil enda þennan pistil á orðum Erlu Stefánsdóttur sem sá meira en við hin meðan hún lifði.

Finum einingu með öllu lifandi - finnum að jörðin, himininn, þú, ég, við öll, erum eitt. Finnum hljóð sköpunarinnar gagntaka okkur - finnum að sá er skapaði allt þetta er nálægur. Gætum að jafnvægi manns og jarðar.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, vefang <https://www.akak.is/is>
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímisdóttir akak@akak.is